

Minnisblað varðandi vinnu starfshóps um fjármál og stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi.

Starfshópurinn skipaðu eftirtaldir aðilar:

Frá Borgarfjarðarhreppi:

Björn Aðalsteinsson, Eyþór Stefánsson, Jón Þórðarson og Kristjana Björnsdóttir.

Frá Djúpavogshreppi:

Gauti Jóhannesson

Frá Fljótsdalshéraði:

Björn Ingimarsson, Guðlaugur Sæbjörnsson og Stefán Bogi Sveinsson

Frá Seyðisfjarðarkaupstað:

Aðalheiður Borgþórsdóttir

Verkefni starfshópsins var að vinna stöðumat og framtíðarsýn til næstu ára.

Starfshópurinn skipti með sér verkum þannig að Björn Ingimarsson sinnti formennsku og Björn Aðalsteinsson og Kristjana Björnsdóttir skiptu með sér ritun. Starfshópurinn kom saman á fjórum fundum, 5. febrúar, 12. febrúar, 20. febrúar og 26. febrúar, og sátu verkefnisstjórar (Páll Björgvín og Róbert) fyrsta fundinn og einnig sat Róbert síðasta fundinn. Gestir, þeir Jón Jónsson hrl. og Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, komu til fundar með starfshópnum þriðjudaginn 26. febrúar.

Unnin var greining á rekstri og fjárhag hvers sveitarfélags byggt á uppgjöri 2017 og útkomuspá 2018. Einnig var stillt upp átælu fyrir sameinað sveitarfélag sem grundvallast á samþykktum fjárhagsáætlunum hvers sveitarfélags fyrir sig fyrir árin 2019 - 2022.

Megin niðurstöður eru þær að miðað við óbreytta stöðu er rekstur sameinaðs sveitarfélags sjálfbær og svigrúm til árlegra fjárfestinga er á bilinu 235 – 485 milljónir króna miðað að við horft verði til þess að fjármagna framkvæmdir eingöngu með eigin fé. Sameinað sveitarfélag stenst vel þau viðmið sem fjármálareglur setja varðandi skuldastöðu og rekstrarafkomu. Ef horft er til þeirra fjárfestinga sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi fjárhagsáætlunum þarf að gera ráð fyrir lántökum samtals að fjárhæð 702 milljónir króna á umræddu tímabili. Lántökurnar skekkja hins vegar ekki stöðu sameinaðs sveitarfélags ef horft er til gildandi viðmiða er reglur um fjármál sveitarfélaga setja þar sem niðurgreiðslur langtímaskulda á sama tímabili nema samtals um 2.860 milljónum króna.


Starfshópurinn varð sammála um að mikilvægt væri að einfalda stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags með það að markmiði auka skilvirkni í afgreiðslu mála og samþætta eins vel og kostur er störf lykilstjórnenda sameinaðs sveitarfélags.

Sem sagt:

EINFALT OG SKILVIRKT!

Markmiðum þessum verði að hluta til náð með því að starfrækja fáar fagnefndir en að þær fundi oftast en fagnefndir sveitarfélaganna gera í dag. Niðurstaðan er sú að horfa til þess að starfræktar verði þrjár megin fagnefndir, þ.e. byggða-/bæjarráð (3-5), fjölskylduráð (7) og umhverfis- og framkvæmdaráð (7) og þær fundi vikulega á hefðbundnum vinnutíma. Gert er ráð fyrir því að kjörnir fulltrúar hafi meirihlutavægi í umræddum fagnefndum og að um breytingar á kjörum verði að ræða þannig að þau sem verða valin til að sinna þessu eigi þess kost að vera hlutastarfandi á öðrum vettvangi.

Með þessum nefndum munu starfa stjórnendur á viðkomandi fagsviðum. Það er trú starfshópsins að með þessu fyrirkomulagi muni nást fram bæði einfaldari og skilvirkari stjórnarsýsla heldur en raunin yrði með fleiri nefndum. Gert er ráð fyrir því að bæjar-/sveitarstjórn (11) fundi mánaðarlega sem og heimastjórnir (3) sem verða fjórar og virkjaðar í hverjum megin kjarna hinna sameinuðu sveitarfélaga. Heimastjórnir munu bæði hafa ákveðið afgreisluvald gagnvart nærumhverfi auk þess að gegna ráðgefandi hlutverki gagnvart bæjar-/sveitarstjórn. Með hverri heimastjórn mun starfa fulltrúi bæjar-/sveitarstjóra sem verður staðsettur í hverjum kjarna og mun auk þess að starfa með heimastjórn halda utan um stjórnarsýslu og starfsemi á hverjum stað sem og að sinna samskiptum við íbúa og aðra þá er til viðkomandi leita. Nánari útfærsla varðandi framsal afgreiðsluheimilda til heimastjórna verður útfært í samráði við samgögnu- og sveitarstjórnarráðuneytið.



Eins og fram kemur í framangreindri hugmynd að stjórnskipulagi og skipuriti fyrir sameinað sveitarfélag er gert ráð fyrir 12 lykilstjórnendum er heyra beint undir bæjar-/sveitarstjóra og starfa með heimastjórnnum (4), bæjar-/byggðaráði (1), fjölskylduráði (3) og Umhverfis- og framkvæmdaráði (4).

Mikilvægt er að rafrænni stjórnarsýslu innan sameinaðs sveitarfélags verði sinnt af fagaðilum er starfa innan þess. Fyrirliggjandi hugmyndir gera ráð fyrir tveimur föstum starfsmönnum er

munu sinna þessum þáttum í nánú samstarfi við skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa. Þessir starfsmenn munu sinna þjónustu við stofnanir sveitarfélagsins auk þess að stýra samskiptum við þá utanaðkomandi þjónustuaðila sem munu vinna fyrir sameinað sveitarfélag varðandi þessi mál. Horft verður til þess þróa og innleiða nýtingu rafræna lausna innan stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags sem og varðandi þjónustu við íbúa þess enda mikilvægt í jafn víðfeðmu sveitarfélagi og hér verður um að ræða. Lögð verður hins vegar á það áhersla að áfram verði staðbundin afgreiðsla í öllum meginkjöörnum þeirra sveitarfélaga er mynda munu hið sameinaða sveitarfélag.

Egilsstaðir 3. mars 2019.

F.h. starfshóps um fjármál og stjórnsýslu.

Björn Ingimarsson